

Laugalandsskóli í Holtum
Sjálfsmatsskýrsla 10. hluti
Janúar 2015



Könnun á líðan nemenda og starfsfólks

María Carmen Magnúsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Niðurstöður	4
Nemendur	4
Starfsfólk	7
Lokaorð	11
Fylgiskjal 1	12
Spurningalisti til nemenda	12
Fylgiskjal 2	14
Spurningalisti til starfsfólks	14
Fylgiskjal 3	16
Fylgiskjal 4	19

Inngangur

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum einkum þrjúþætt: „Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá[r]. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun“. (Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti, s. 26-27).

Mat á skólastarfi í grunnskóla er tvenns konar: Annars vegar er svokallað ytra mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila. Hins vegar er mat sem skólar annast sjálfir og hefur verið kallað innra mat eða sjálfsmat.

Innra mat á árangri og gæðum skólastarfs í hverjum skóla þarf að vera kerfisbundið. Hægt er að fara ýmsar leiðir við mat skóla á eigin starfi en mikilvægt er að kerfið sem unnið er með henti viðkomandi skóla. Hver skóli þróar eigin aðferðir með hliðsjón af sérstöðu skólans og þeim áherslum og markmiðum sem sett eru fram í skólanámskrá. Þær aðferðir sem notaðar eru við matið ráðast síðan af þeim viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni.

Á vefsvæði mennta- og menningarmálaráðuneytisins eru tilgreind viðmið sem ráðuneytið telur rétt að horfa til við innra mat eða sjálfsmat grunnskóla:

Slíkt mat skal vera altækt (þ.e. ná til allra þátta skólastarfsins); formlegt (þ.e. lýsing á aðferðum þarf að liggja fyrir í skriflegum gögnum frá skólanum); áreiðanlegt (þ.e. byggt á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum); samstarfsmiðað (þ.e. allir sem starfa við skólann þurfa að koma að matinu); umbótamiðað (áætlanir um umbætur byggðar á matinu þurfa að koma fram); stofnana- og einstaklingsmiðað (þ.e. taka bæði til skólans í heild og til þeirra sem þar vinna); lýsandi (þ.e. lýsa þarf starfsemi skólans í matsskýrslu); greinandi (þ.e. greina þarf styrkleika og veikleika í einstökum þáttum skólastarfsins); og opinbert (þ.e. matsskýrslu þarf að birta opinberlega).

(<http://www.menntamalaraduneyti.is/mat-og-uttektir/grunnskolar/nr/6226>)

Þessi viðmið eru jafnan höfð til hliðsjónar við innra mat á árangri og gæðum skólastarfs í Laugalandsskóla. Mismunandi aðferðir eru notaðar við matið. Spurningalistakannanir eru notaðar þar sem það á við s.s. við mat á líðan nemenda og starfsfólks sem er framkvæmt á hverju ári.

Þar sem ein mikilvægasta forsenda þess að fólk geti lagt sig fram við vinnu er talin vera vellíðan á vinnustað, var á sínum tíma ákveðið að athuga líðan nemenda og starfsfólks Laugalandsskóla á hverju ári. Árið 2014-2015 var engin undantekning þar á og ákveðið að leggja könnunina fyrir, fyrir áramót.

Könnunin var lögð fyrir nemendur í 4.-10. bekk þriðjudaginn 21. október. Könnunin var leynileg og lagði sami aðili könnunina fyrir alla nemendur. Nemendur skiluðu könnuninni í til þess gerðan kassa.

Starfsfólk skólans svaraði spurningunum miðvikudaginn 22. október. Könnunin var skrifleg og leynileg.

Ákveðið var að hafa það að markmiði að svarhlutfall nemenda og kennara væri 90%.


Niðurstöður voru svo skráðar í SPSS forrit sem nýtt var við úrvinnslu gagna.

Niðurstöður


Nemendur

Veturinn 2014-2015 eru 66 nemendur í skólanum. Könnunin var lögð fyrir nemendur í 4.-10. bekk. Þar eru 38 nemendur og svöruðu 36 þeirra könnuninni, sem er mjög gott svarhlutfall. Af þessum 36 nemendum sem svöruðu könnuninni eru piltarnir 14 og stúlkurnar 22.

Ef við skoðum niðurstöðurnar sjáum við að 58% nemenda sögðu að sér liði mjög vel og 22% frekar vel og 17% svaraði bæði og en 3% svaraði mjög illa (mynd 1). Þá sögðu 47% nemenda að þeim liði mjög vel í kennslustundum og 42% svaraði frekar vel, en 11% að þeim liði í hvorki vel né illa (mynd 2).




mynd 1




mynd 2

Við spurningunni um líðan nemenda í úti-frímínútum svöruðu 89% að þeim liði mjög vel eða frekar vel og 11% svara bæði og (mynd 3). Þegar kemur að svörum við líðan í inni-frímínútum svara 61% að þeim liði mjög vel, 31% frekar vel (alls 92%) og 8% sem segja að sér líði bæði og (mynd 4).




mynd 3




mynd 4

Þegar við skoðum líðan í búningssklefa sjáum við að 89% líður mjög vel eða frekar vel, svo eru 11% sem segja að sér líði hvorki vel né illa (mynd 5).




mynd 5

Í matsal er niðurstaðan sú að 89% nemenda líður mjög vel eða frekar vel og 11% hvorki né (mynd 6).




mynd 6

Í íþróttasal eru líður öllum nemendum mjög vel eða frekar vel (mynd 7). Í svörum nemenda um líðan í sundlauginni eru 89% sem líða mjög vel eða frekar vel, 5% hvorki né og tveir nemendur eða um 6% sem líður frekar illa (mynd 8).




mynd 7



mynd 8

Á mynd 9 má sjá svör nemenda hvernig þeim líður í skólabílnum. Niðurstaðan var sú að 58% nemenda líður mjög vel í skólabíl, 28% líður frekar vel eða alls um 86%, 5% hvorki né og einn nemandi eða 3% líður frekar illa (mynd 9).



mynd 9

Síðasta spurningin innti eftir því hvort nemendum þættu gerðar miklar eða litlar kröfur til þeirra í skólanum og svöruðu 8% að kröfurnar væru mjög miklar, 25% að þær væru frekar miklar, 59% sögðu að þær væru hæfilegar. Þá sögðu 8% að þær væru frekar litlar (mynd 10).




mynd 10

Starfsfólk

Veturinn 2014-2015 eru 15 starfsmenn í 50% starfi eða meira. Könnunin var lögð fyrir þá og tóku 13 þátt.

Spurningarnar voru tíu talsins og reynt að leita eftir líðan alls starfsfólks við störf sín. Starfsfólk við skóla vinnur ólík störf og hefur ólíkum skyldum að gegna og því svara sumir spurningum sem aðrir svara ekki.

Ef við skoðum fyrstu spurningu um líðan, þá svara allir að þeim líði mjög vel eða frekar vel í vinnunni (mynd 11).




mynd 11

Hér má sjá hvernig starfsmönnum líður í kennslustundum. Sjö starfsmenn segja að þeim líði mjög vel í kennslustundum, en það eru 54% og einum líður frekar vel eða 7%, þessi spurning á ekki við fjóra starfsmenn og einn skilar auðu (mynd 12).



mynd 12

Skólastjórnendur hafa yfir að ráða tíma sem kallast 9,14. Það er tími sem þeir ráðstafa til vinnu fyrir skólann og undir þennan tíma fellur til dæmis samskipti við heimili, vinna með umsjónarþekkjum, nemendaviðtöl, skýrsluvinna o.fl. Þessi störf er einungis fyrir kennara skólans en ekki annað starfsfólk. Af þeim 7 kennurum sem tóku afstöðu til þessa eru 57% sem líður mjög vel og 43% svara frekar vel (mynd 13).



mynd 13

Starfsmönnum líður öllum mjög vel (69%) eða frekar vel (31%) í frímínútum/kaffitímum (mynd 14).



mynd 14

Skoðum næst hvernig starfsfólki líður við gæslu. Alltaf er reynt að hafa gott eftirlit með leikjum nemenda, að enginn slasi sig, lendi í útistöðum eða verði fyrir aðkasti. Þannig eru alltaf tveir samtímis á gæslu í matsal, tveir við gæslu þegar nemendur eru úti og við gæslu á göngunum þegar nemendur eru í frímínútum.


Þegar svör við spurningunum um hvernig fólki líður við gæslu á þessum stöðum segja þeir sem sinna gæslu og svara spurningunni að þeim líði mjög vel eða frekar vel og tveir svara að sér líði hvorki vel né illa í gæslu í matsal. Þar sem gæsla er flokkuð sem yfirvinna getur fólk ráðið hvort það bætir henni við sig eða ekki (myndir 15, 16 og 17).



mynd 15



mynd 16



mynd 17

Skoðum nú spurninguna; er skólinn þægilegur eða óþægilegur vinnustaður? Tólf af 13 starfsmönnum segja skólann mjög þægilegan vinnustað og einn skilar auðu (mynd 18).



mynd 18

Hér má sjá hvernig starfsmönnum finnst kröfur á vinnustaðnum vera. Tveir starfsmenn segja miklar kröfur vera (15%), tveir starfsmenn segja það vera frekar miklar (15%), átta starfsmenn segja kröfurnar vera í meðallagi eða 62% og einn skilar auðu (mynd 19).



mynd 19

Þegar við skoðum hvernig starfsmönnum finnst álag á vinnustaðnum vera er niðurstaðan sú að tveir starfsmenn segja miklar kröfur vera (15%), fjórir starfsmenn segja það vera frekar miklar (31%), sex starfsmenn segja hæfilegt álag eða 46% og einn skilar auðu (mynd 20).



mynd 20

Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið fjallað um líðan nemenda og starfsfólks og í upphafi skýrslu kemur fram að góð líðan er undirstaða þess að fólk geti einbeitt sér við vinnu og nám. Það er því mikilvægt að fylgjast vel með líðan, meta niðurstöður og bregðast við eins fljótt og auðið er, ef kostur er.

Þegar svör nemenda eru skoðuð er hægt að sjá að það er einn nemandi sem svarar spurningu nr. 3, líður þér vel eða illa í skólanum, frekar illa og er það áhyggjuefni. Í næstu spurningu, nr. 4 líður þér vel eða illa í kennslustundum, svara allir nemendur; að sér líði hvorki vel né illa, frekar vel eða mjög vel. Nemandanum sem líður frekar illa í skólanum líður þá ekki illa í kennslustundum sem er gott að vita þar sem kennslustundirnar eru stærsti þáttur skólastarfsins. Í spurningu 10, líður þér vel eða illa í sundlauginni, eru tveir nemendur sem svara að þeim líði frekar illa. Annar tiltekur að hann sé með klórofnæmi, hinn nefnir enga ástæðu og er það miður. Kennarar og starfsfólk skólans munu leitast við að öllum nemendum líði sem best hvar sem er í skólanum.

Í svörum starfsmanna líður öllum mjög vel eða frekar vel. Það er mikið ánægjuefni að fá niðurstöður sem þessar en einn starfsmaður skilaði öllum spurningum auðum.

Það er ljóst að innra mat á líðan er mikilvægur þáttur sem veitir gagnlegar upplýsingar. Í framhaldi er hægt að gera umbætur svo að öllum líði vel eða að minnsta kosti að þeim líði ekki illa í skólanum.

Könnun sem þessi er tekin árlega.

Við munum áfram sem hingað til kappkosta að fylgjast vel með líðan allra sem koma að skólanum og reyna þannig að stuðla að velferð hvers og eins í námi og starfi.

Fylgiskjal 1

Spurningalisti til nemenda

Vinsamlega skrifið í athugasemdir ef ykkur liggur eitthvað á hjarta.
Hvort sem er jákvætt eða neikvætt



SPURNINGALISTI TIL NEMENDA LAUGALANDSSKÓLA

<p>1. Ertu piltur eða stúlka</p> <p><input type="checkbox"/> piltur</p> <p><input type="checkbox"/> stúlka</p>	<p>2. Í hvaða bekk ert þú?</p> <p><input type="checkbox"/> 10. bekk</p> <p><input type="checkbox"/> 9. bekk</p> <p><input type="checkbox"/> 8. bekk</p> <p><input type="checkbox"/> 7. bekk</p> <p><input type="checkbox"/> 6. bekk</p> <p><input type="checkbox"/> 5. bekk</p> <p><input type="checkbox"/> 4. bekk</p>
<p>3. Líður þér vel eða illa í skólanum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>	<p>4. Líður þér vel eða illa í kennslustundum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>
<p>5. Líður þér vel eða illa í frímínútum - úti?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>	<p>6. Líður þér vel eða illa í frímínútum - inni?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>

<p>7. Líður þér vel eða illa í búnings-klefa?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju?_____</p>	<p>8. Líður þér vel eða illa í matsal?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af</p> <p>hverju?_____</p>
<p>9. Líður þér vel eða illa í íþróttasal?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju?_____</p>	<p>10. Líður þér vel eða illa í sundlauginni?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af</p> <p>hverju?_____</p>
<p>11. Líður þér vel eða illa í skólabílnum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af</p> <p>hverju?_____</p> <p><input type="checkbox"/> Kem ekki með skólabíl</p>	<p>12. Eru gerðar miklar eða litlar kröfur til þín í skólanum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög miklar</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar miklar</p> <p><input type="checkbox"/> Hæfilegar</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar litlar</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög litlar</p>

Takk fyrir þáttökuna.

Fylgiskjal 2

Spurningalisti til starfsfólks



Vinsamlega skrifið í athugasemdir ef ykkur liggur eitthvað á hjarta. Hvort sem er jákvætt eða neikvætt. ☺

SPURNINGALISTI TIL STARFSFÓLKS LAUGALANDSSKÓLA

<p>1. Líður þér vel eða illa í vinnunni?</p> <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Mjög vel<input type="checkbox"/> Frekar vel<input type="checkbox"/> Bæði og<input type="checkbox"/> Frekar illa<input type="checkbox"/> Mjög illa <p>af hverju? _____</p>	<p>2. Líður þér vel eða illa í kennslustundum?</p> <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Mjög vel<input type="checkbox"/> Frekar vel<input type="checkbox"/> Bæði og<input type="checkbox"/> Frekar illa<input type="checkbox"/> Mjög illa <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Á ekki við</p>
<p>3. Líður þér vel eða illa í störfum sem falla undir 9,14?</p> <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Mjög vel<input type="checkbox"/> Frekar vel<input type="checkbox"/> Bæði og<input type="checkbox"/> Frekar illa<input type="checkbox"/> Mjög illa <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Á ekki við</p>	<p>4. Líður þér vel eða illa í frímínútu/kaffitímum?</p> <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Mjög vel<input type="checkbox"/> Frekar vel<input type="checkbox"/> Bæði og<input type="checkbox"/> Frekar illa<input type="checkbox"/> Mjög illa <p>af hverju? _____</p>

<p>5. Líður þér vel eða illa við gæslu úti?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Á ekki við</p>	<p>6. Líður þér vel eða illa við gæslu inni?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Á ekki við</p>
<p>7. Líður þér vel eða illa við gæslu í matsal?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Á ekki við</p>	<p>8. Er skólinn þægilegur eða óþægilegur vinnustaður?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög þægilegur</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar þægilegur</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar óþægilegur</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög óþægilegur</p> <p><input type="checkbox"/> af hverju? _____</p>

Takk fyrir þátttökuna.

Fylgiskjal 3

Líðan nemenda 2014

1 Ert þú piltur eða stúlka?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Piltur	14	38,9	38,9	38,9
Stúlka	22	61,1	61,1	100
Samtals	36	100	100	

2 Í hvaða bekk ert þú?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
10. bekk	7	19,4	19,4	19,4
9. bekk	7	19,4	19,4	38,9
8. bekk	7	19,4	19,4	58,3
7. bekk	1	2,8	2,8	61,1
6. bekk	4	11,1	11,1	72,2
5. bekk	4	11,1	11,1	83,3
4. bekk	6	16,7	16,7	100
Samtals	36	100	100	

3 Líður þér vel eða illa í skólanum?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	21	58,3	58,3	58,3
Frekar vel	8	22,2	22,2	80,6
Bæði og	6	16,7	16,7	97,2
Frekar illa	1	2,8	2,8	100
Samtals	36	100	100	

4 Líður þér vel eða illa í kennslustundum?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	17	47,2	47,2	47,2
Frekar vel	15	41,7	41,7	88,9
Hvorki né	4	11,1	11,1	100
Samtals	36	100	100	

5 Líður þér vel eða illa í úti frímínútum?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	19	52,8	52,8	52,8
Frekar vel	13	36,1	36,1	88,9
Bæði og	4	11,1	11,1	100
Samtals	36	100	100	

6 Líður þér vel eða illa í inni-frímínútum?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög ve	22	61,1	61,1	61,1
Frekar vel	11	30,6	30,6	91,7
Bæði og	3	8,3	8,3	100
Samtals	36	100	100	

7 Líður þér vel eða illa í búningklefa?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	18	50	50	50
Frekar vel	14	38,9	38,9	88,9
Hvorki né	4	11,1	11,1	100
Samtals	36	100	100	

8 Líður þér vel eða illa í matsal?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	20	55,6	55,6	55,6
Frekar vel	12	33,3	33,3	88,9
Hvorki né	4	11,1	11,1	100
Samtals	36	100	100	

9 Líður þér vel eða illa í íþróttasal?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	27	75	75	75
Frekar vel	9	25	25	100
Samtals	36	100	100	

10 Líður þér vel eða illa í sundlauginni?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	23	63,9	63,9	63,9
Frekar vel	9	25	25	88,9
Hvorki né	2	5,6	5,6	94,4
Frekar illa	2	5,6	5,6	100
Samtals	36	100	100	

11 Líður þér vel eða illa í skólabílnum?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	21	58,3	58,3	58,3
Frekar vel	10	27,8	27,8	86,1
Hvorki né	2	5,6	5,6	91,7
Frekar illa	1	2,8	2,8	94,4
Kem ekki m/ skólabíl	2	5,6	5,6	100
Samtals	36	100	100	

12 Eru gerðar miklar eða litlar kröfur til þín í skólanum?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög miklar	3	8,3	8,3	8,3
Frekar miklar	9	25	25	33,3
Hæfilegar	21	58,3	58,3	91,7
Frekar litlar	3	8,3	8,3	100
Samtals	36	100	100	

Fylgiskjal 4

Líðan starfsfólks 2014

1 Líður þér vel eða illa í vinnunni?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	9	69,2	69,2	69,2
Frekar vel	4	30,8	30,8	100
Samtals	13	100	100	

2 Líður þér vel eða illa í kennslustundum?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	7	53,8	58,3	58,3
Frekar vel	1	7,7	8,3	66,7
Á ekki við	4	30,8	33,3	100
Alls	12	92,3	100	
Auðir	1	7,7		
Samtals	13	100		

3 Líður þér vel eða illa í 9,14?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	4	30,8	40	40
Frekar vel	3	23,1	30	70
Á ekki við	3	23,1	30	100
Alls	10	76,9	100	
Auðir	3	23,1		
Samtals	13	100		

4 Líður þér vel eða illa í frímínútum/kaffitímum?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	9	69,2	69,2	69,2
Frekar vel	4	30,8	30,8	100
Samtals	13	100	100	

5 Líður þér vel eða illa í gæslu úti?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	2	15,4	16,7	16,7
Frekar vel	4	30,8	33,3	50
Á ekki við	6	46,2	50	100
Alls	12	92,3	100	
Auðir	1	7,7		
Samtals	13	100		

6 Líður þér vel eða illa í innigæslu?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	2	15,4	16,7	16,7
Frekar vel	5	38,5	41,7	58,3
Á ekki við	5	38,5	41,7	100
Alls	12	92,3	100	
Auðir	1	7,7		
Samtals	13	100		

7 Líður þér vel eða illa við gæslu í matsal?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	3	23,1	25	25
Frekar vel	2	15,4	16,7	41,7
Hvorki né	2	15,4	16,7	58,3
Á ekki við	5	38,5	41,7	100
Alls	12	92,3	100	
Auðir	1	7,7		
Samtals	13	100		

8 Er skólinn þægilegur/óþægilegur vinnustaður?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög þægilegur	7	53,8	58,3	58,3
Frekar þægilegur	5	38,5	41,7	100
Alls	12	92,3	100	
Auðir	1	7,7		
Samtals	13	100		

9 Eru gerðar miklar eða litlar kröfur til þín á vinnustaðnum?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög miklar	2	15,4	16,7	16,7
Frekar miklar	2	15,4	16,7	33,3
Í meðallagi	8	61,5	66,7	100
Alls	12	92,3	100	
Auðir	1	7,7		
Samtals	13	100		

10 Er mikið eða lítið álag í vinnunni?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög mikið	2	15,4	16,7	16,7
Frekar mikið	4	30,8	33,3	50
Hæfilegt	6	46,2	50	100
Alls	12	92,3	100	
Auðir	1	7,7		
Samtals	13	100		